

# ÁRSSKÝRSLA 1991

## 1. VEDURFAR.

Almennt má segja að veðurfar hafi verið hagstætt á Vesturlandi þetta ár, eins og reyndar víðast hvar á landinu.

Veturinn var mildur, eða um 1 stigi hlýrrí en í meðalári á Vesturlandi. Snjóalag voru lítil. Veturinn var umhleyplingasamur framan af og í byrjun febrúar gerði ofsaveður, sem olli víða miklu tjóni.

Vorið var fremur kalt. Maí var óvenjulega úrkomusamur. Á Brekku, sem er næsti bær við Hreðavatn, mældist úrkoman í maí 160 mm. Þetta er sennilega meira en þreföld meðalúrkoma.

Sumarið var það besta um langt skeið. Víðast hvar á Vesturlandi var það um 0.7-0.8 stigum hlýrra en í meðalári. Úrkoma var í meðallagi, þegar lítið er á sumarið í heild, en júnímánudur var óvenjulega þurr. Á Brekku mældist úrkoman í júní 9 mm, á Hamraendum í Miðdölum 1 mm og á Hólum í Dýrafirði rigndi aldrei. Það sem þó var var óvenjulegast og minnisstæðast við sumarið var, hvað það var hægviðrasamt. Af þeim sökum hafa margir það á tilfinningunni, að sumarið hafi verið mun hlýrra en það var í raun. Í eftirfarandi töflu eru tveir veðurþættir sumarsins og til samanburðar hef ég sett tölur frá sumrinu 1939, sem ýmsir telja að hafi verið svipað. Við samanburðinn kemur í ljós, hvað það sumar var miklu hlýrra.

Staður	Meðalhiti júní- sept.		Meðalhámarkshiti júní-sept.	
	1991	1939	1991	1939
Reykjavík	10.3	12.0	13.0	15.2
Hvanneyri	9.8	11.8	13.5	15.8
Stykkishólmur	9.5	11.1	12.3	13.7
Hamraendar, Dal.	9.4	11.2	12.7	-
Hólar, Dýrafirði	9.0	-	12.1	-
Hlaðhamar, Hrútafirði	7.9	-	11.1	-
Akureyri	9.7	11.5	13.9	15.2
Egilsst.(91) Hall. (39)	9.8	11.3	14.4	15.6
Hæll, Arnessýslu	10.3	12.1	14.5	15.4

Haustið var fremur kalt en úrkoma í meðallagi. Í heild sinni má segja, að haustið hafi verið nokkuð hagstætt.

## 2. VÖXTUR.

Skógur í Mýrasýslu laufgaðist í fyrstu viku júnímánaðar og lauffall varð um mánaðarmótin september-október. Skógur kom vel undan vetri og

vöxtur erlendra trjátegunda var í góðu meðallagi en vöxtur birkiskógarins ágætur, meiri en um langt árabil.

Fræfall var nokkuð mikið á birki en mjög mikið um lírfu birkiflugunnar í því og spírur því afar lítil.

Í ofsavæðri sem gerði í byrjun febrúar, urðu talsverðir skaðar á stafafuru. Jörð var þá því sem næst klakalaus, og losnaði þá víða um stafafurur, og ultu margar þeirra. Furulús á stafafuru hefur heldur rénað upp á síðkastið, að því að virðist, og gæti það e.t.v. stafað af því að, að nokkur góð sumur hafa komið í röð.

### 3. STARFSFÓLK.

Starfsfólk var með færra móti. Fjórir piltar störfuðu hér yfir sumarmánuðina fyrir utan ráðskonu og verkstjóra. Birgir Hauksson var við nám í umhverfiseild Garðyrkjuskóla ríkisins í janúar-apríl og september-desember.

### 4. GIRÐINGAR.

Girðingar komu fremur vel undan vetri, enda venju fremur snjólétt. Farið var með flestum girðingum að vanda. Engar nýjar girðingar voru settar upp á vegum Skógræktar ríkisins á árinu. Vegagerð ríkisins endurgirti kafla meðfram þjóðveginum hjá Hvammsgirðingu í Norðurárdal.

### 5. SKÓGARHÖGG.

Talsvert var grisjað í Jafnaskarðsskógi, aðallega í sitka- og rauðgreni. Jólátré voru höggvín sem hér segir og seld Landgræðslusjóði:

Stærðarflokkur	Rauðgreni	Stafafura
0.70-1.00	4	2
1.01-1.25	10	38
1.26-1.50	29	64
1.51-1.75	20	22
1.76-2.00	9	13
2.01-2.50	11	2
2.51-3.00	4	-
	Samtals 87	141

Andvirði þessara trjáa nam kr. 328.317 með virðisaukaskatti. Furutoppar voru seldir fyrir kr. 31.010 með virðisaukaskatti.

### 6. GRÓÐURSETNING.

A Hreðavatni:	Birki 1/0 og 2/0 Vöglum	25.000
	Sítka-greni 1/0 Taraldsöy	10.000
	Siberiulerki, Mógilsá (50)	7.000

Einnig voru settar í túnið 500 hnausplöntur og 1000 stíklíngar af alaskavíði, gulvíði og víðju.

Í Litla-Skarði: Birki 2/0 Vöglum 400  
Alaskaösp, stíkl. frá Skógarkoti 2.000

Samtals voru því gróðursettar 45.900 plöntur.

## 7. HIRÐING.

Klippt var frá jólatrjágróðursetningum í Jafnaskarðsskógi og grísjað grísjað og snyrt heilmikið í Laxaborg.

## 8. BYGGINGAR.

Lokið var að mestu við endurbyggingu skemmunnar í Litla-Skarði. Kostnaður fór allverulega fram úr áætlun, en svo er húsið líka orði mjög vístlegt, og greinilegt að orlofgestir þar undu vel sínum hag. Nýting hefði þó mátt vera betri.

## 9. VÉLAR OG VERKFÆRI.

Engar teljandi breytingar urðu í vélæign deildarinnar á árinu, en eitt atvik verður þó að nefna í þessu sambandi. Undirritaður varð fyrir því óhappi í desember að velta Toyótunni. Flughált var þegar þetta skeði, og mildi að sá sem hélt um stýrisvölinn skyldi sleppa ómeiddur. Ekki er hægt að segja það sama um bílinn. Á honum sér talsvert, einkum er þakið beyglað. Leitað verður tilboða í viðgerðina, og ef hagstætt tilboð fæst, verður gert við bílinn fyrir vorið.

## 10. Ýmislegt.

Síðla sumars hringdi til mín Áskell Jóhannsson, Kamsbvegi 31 í Reykjavík og bað mig að finna sig. Erindi hans reyndist vera það, að hann hafði hug á að gefa Skógrækt ríkisins eignarjörð sína Skóga á Fellsströnd með því eina skilyrði að ákveðinn hluti jarðarinnar yrði friðaður fyrir öllum ágangi búfjár. Ekki löngu seinna fór ég ásamt skógræktarstjóra að Skógum, og leist honum þannig á jörðina, að auðsætt væri að þiggja þessa höfðinglegu gjöf. Síðan var gengið frá gjafabréfi. Jörðin fór úr leiguábúð 1. nóvember sl. Sá hluti jarðarinnar sem friða á, er neðan svonefnds Efirbyggðarvegur, og er að mestu skógi vaxinn. Fyrir vestan landamerki Skóga og Staðarfells er girðing, sem er eigu Skógræktar ríkisins, og þar hefur ágætur skógræktarárangur náðst. Liggur nú beinast við að tengja þessa girðingu við hina nýju girðingu. Á Skógum er gott íbúðarhús. Viðhald þess hefur þó ekki verið sem skyldi síðustu árin, en í vor verður að ráða bót á því. Utar á Fellsströndinni er eignarland Skógræktar ríkisins, Ytrafellsskógur. Þar hefur góður árangur náðst í skógrækt, en ræktuninni ekki sinnt sem skyldi vegna þess að viðleguástöðu hefur vantað. Nú er því ekki lengur til að dreifa, og vonandi að stofnunin sjái söma sinn í því að sinna þessum gjafarlöndum betur en verið hefur undanfarin ár. En til þess að svo verði, þarf að auka fjárveitingar til deildarinnar verulega.

Hredavatni í Þorrabyrjun 1992

  
Haukur Ragnarsson